

Annað strandveiðimót EFSA Íslands af þremur til Íslandsmeistara 2016 var haldið laugardaginn 30. júlí og sunnudaginn 31. júlí með þátttöku sjö keppenda. Keppt var eftir veiðireglum EFSA og leyft að veiða með þremur krókum. Fyrri daginn var veitt frá Togarabryggjunni, Akureyri frá kl. 15:00 til kl. 20:00. Alls veiddust fyrri daginn 226 fiskar af sex tegundum; sandkoli, þorskur, ufsi, lúða, steinbítur og marhnútur. Seinni daginn var veitt frá Hjalteyri, Eyjafirði frá kl. 12:00 til 17:00 og veiddust þá 200 fiskar af sjö tegundum; sandkoli, þorskur, ufsi, lúða, rauðspretta, skrápflúra og marhnútur. Báða dagana var veðrið gott, sól og blíðviðri, en smá gola fyrri daginn. Úrslit urðu þau að Steve Mason varð í fyrsta sæti með 13 stig, 121 fisk og 5044 aflastig. Helgi Bergsson varð í öðru sæti einnig með 13 stig, 103 fiska og 4319 aflastig. Paul Fawcett varð í þriðja sæti með 9 stig, 57 fiska og 2399 aflastig. Skarphéðinn Ásbjörnsson veiddi stærsta fisk mótsins, steinbít sem var 62 cm. að lengd, en einnig þorsk sem var 62 cm. að lengd. Stærsta flatfiskinn, lúðu sem var 57 cm. að lengd veiddi Helgi Bergsson. Þriðja og síðasta strandveiðimótið til Íslandsmeistara verður frá Snæfellsnesi í lok ágúst eða byrjun september nk.

English version.

EFSA Iceland Open Shore Championship 2016 part two of three was held Saturday 30th July from Akureyri, North-Iceland and Sunday 31st July from Hjalteyri, near Akureyri with seven anglers. The Championship was fished by EFSA rules, five hours of fishing each day and three hooks allowed. Total catch was 426 fish mostly Dab but also Cod, Plaice, Rough Dab, Halibut, Catfish and Scorpion fish. Results: Steve Mason in the first place with 13 points, 121 fish, Helgi Bergsson in the second place with 13 points, 103 fish and Paul Fawcett in the third place with 9 points, 57 fish. The biggest fish was a Catfish of 62 cm, angler Skarphedinn Asbjornsson. Helgi Bergsson fished the biggest flatfish a Halibut of 57 cm. EFSA Iceland's last Shore Championship this summer will be held from Snæfellsnes, West Iceland in late August or early September.

Strandveiðimót EFSA Íslands 2016. EFSA Iceland Open Shore Championship 2016.

Skrifað af Administrator

Þriðjudagur, 02 Ágúst 2016 21:01 -
